

48. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn á skrifstofu Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12, Ísafirði og í fjarfundi. 28. október 2022 kl. 12:00

Mætt voru til fundar Jóhann Ösp Einarsdóttir, formaður (fjarfundur), Lilja Magnúsdóttir, Kristján G Jóakimsson, Magnús Ingi Jónsson, Neil Shiran Þórisson (fjarfundur), Elísabet Gunnarsdóttir (fjarfundir) og Aðalsteinn Egill Traustason (fjarfundur).

Nanný Arna Guðmundsdóttir og Aðalbjörg Óskarsdóttir boðuðu forföll og ekki tókst að boða varamenn í þeirra stað.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Vinnulag stjórnar
2. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2023 & 2024
3. Þjónusta RÚV
4. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. Starfsáætlun
 - b. Starfsdagur stjórnar og starfsmanna – gögn til undirbúnings
 - c. Erlend samstarfsverkefni – umsóknir í vinnslu
 - d. Umhverfivottun sveitarfélaga á Vestfjörðum
 - e. Mannauðsmál

Fundur stjórnar FV

5. Lagt fram til kynningar
 - a. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða
 - b. Fundargerðir starfshópa Fjórðungspings
 - c. Fundargerð innviðanefndar FV
 - d. Fundargerð 84. fundar stjórnar SSNV 11. október 2022
 - e. Fundargerð – 40. fundar stjórnar SSNE 7. september 2022 -
 - f. 587. stjórnarfundur SASS. 7. október 2022
 - g. 782. Stjórnarfundur SSS 12. október 2022
 - h. 545. Stjórnarfundur SSH 03. október 2022 -
 - i. 170. Stjórnarfundur SSV 21. september 2022
 - j. 20. fundur Byggðamálaráðs 1. september 2022
 - k. 21. Fundur Byggðamálaráðs 6. október 2022
6. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir
 - i. Stjórnartillaga um frumvarp til fjárlaga 2023 1. mál
<https://www.vestfiridir.is/static/files/Umsagnir/2022/umsogn-frumv-fjarlaga-2023-mal-1-153.pdf>
 - b. Umsagnarbeiðnir
 - i. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um tímabindingu veiðiheimilda til 20 ára o.fl., 6. mál.
 - ii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendra matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, 7. mál.
 - iii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar
 - iv. Endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaldis, 9. mál.

- v. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda (reiknað endurgjald), 18. mál
- vi. Atvinnuveganefnd Alþingis óskar umsagnar frumvarp til laga um búvörulög (afurðarstöðvar í kjötiðnaði), 120. mál.
- vii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál.
- viii. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 231. mál.

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins eða dagskrá, engar athugasemdir komu fram.

Gengið var til dagskrár

1. Vinnulag stjórnar

Framkvæmdastjóri kynnti að á starfsáætlun væri að semja síðareglur fyrir stjórn, hún fór einnig yfir aðgengi að gögnum og hvernig mál eru sett á dagskrá.

Til máls tóku; Jóhanna, Shiran, Lilja, Elísabet.

Formaður gerði tillögu um að málið yrði tekið upp aftur á næsta stjórnarfund.

2. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2023 & 2024

Framkvæmdastjóri tók til umræðu tímasetningu á mótun tillagna og endanlegri afgreiðslu áhersluverkefna. Óskaði hún eftir að afgreiðslu tillagna frá stjórn yrði frestað til lok janúar 2023 en tillögum að verklagi yrðu afgreiddar í lok nóvember n.k..

Formaður bar upp tillögu þessa efnis. Tillagan samþykkt.

3. Þjónusta RÚV

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið og vísaði hún til umræðu um auglýsingu um stöðu fréttmanns á Vestfjörðum og Vesturlandi í ágúst s.l., sem síðan var ákveðið að fresta ráðningu um sinn. Ræða yrði málið í víðara samhengi við s.s. við menningarmál, atvinnumál og samfélagsmál benti hún á greiningu Hildu Jönu Gísladóttur sem unnin var og kynnt á vettvangi landshlutasamtaka árið 2021.

Til máls tóku; Jóhanna, Lilja, Elísabet, Kristján

Stjórn lýsir áhyggjum af þróun mála er varða RÚV útvarp allra landsmanna, merkir skort á sýnileika og mikla skekkju í umfjöllun og fréttflutningi RÚV sem er langt frá því að gæta jafnræðis og endurspegla búsetu fólks í landinu öllu.

Samþykkt að leita eftir samvinnu við önnur landshlutasamtök.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra

a. Starfsáætlun

Framkvæmdastjóri óskaði eftir umræðu um efni og framsetningu starfsáætlunar vegna undirbúnings vinnudags stjórnar í nóvember n.k., m.a. hvað nýttist stjórn í mat á árangri og eftirfylgni í starfsemi Vestfjarðastofu.

Til máls tóku, Kristján, Elísabet, Lilja

b. Starfsdagur stjórnar og starfsmanna – gögn til undirbúnings

Framkvæmdastjóri kynnti að samkvæmt starfsáætlun skal halda starfsdag stjórnar og starfsmanna á hverju hausti til að ræða starfsáætlun komandi árs. Boðað er til starfsdags þann 16. nóvember n.k. og kynnti framkvæmdastjóri gögn til undirbúnings og áherslur m.a. sendir framkvæmdastjóri út lykilsurningar til umfjöllunar fyrir fundinn.

c. Erlend samstarfsverkefni – umsóknir í vinnslu

Framkvæmdastjóri kynnti að samkvæmt starfsáætlun hafa á árinu verið kannaðir möguleikar á erlendum samstarfsverkefnum. Lýsti framkvæmdastjóri vinnu við umsóknir tveggja samstarfsverkefna annað er varðar samfélagsleg viðskiptamódel og hitt varðar loftlagsmál og orkuskipti. Niðurstöður úr umsókna eru væntanlegar um mitt ár 2023.

d. Umhverfissvottun sveitarfélaga á Vestfjörðum

Framkvæmdastjóri kynnti að verkefninu Umhverfissvottun Vestfjarða hefði verið útvistað til Náttúrustofu Vestfjarða á síðustu þrem árum. Náttúrustofa hefur tilkynnt að ekki er óskað eftir framlengingu samnings og hættir með verkefnið á komandi áramótum. Framkvæmdastjóri kynnti mögulegar leiðir á áframhaldi verkefnisins eða aðrar leiðir sem leiði til sama markmiðs.

Til máls tóku; Kristján, Lilja, Jóhanna, Magnús

Formaður gerði tillögu um að leita eftir afstöðu sveitarfélaga um valkosti í málinu í samhengi við vinnu að gerð svæðisáætlun um sorp.

Tillagan samþykkt.

e. Mannauðsmál

Farið yfir vinnu í mannauðsmálum í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Attentus.

Kynnt að Díana Jóhannsdóttir, sviðsstjóri atvinnuþróunar hefði óskað eftir starfslokum hjá Vestfjarðastofu. Samið hefði verið við Díönu um að láta af störfum nú í lok október.

Stjórn Vestfjarðarstofu þakkar Díönu fyrir vel unnin störf í þágu Vestfjarða og óska velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Kristján og Shiran véku af fundi.

Fundur stjórnar FV

5. Lagt fram til kynningar

a. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um starfsárið 2021.

Til máls tóku; Lilja, Jóhanna

b. Fundargerðir starfshópa Fjórðungsbings

Lögð fram til kynningar fundargerð starfshóps um fiskeldisgjalds frá 18. október s.l..

Lögð fram til kynningar fundargerð starfshóps um velferðarþjónustu frá 26. október s.l., fram kom að leitað verði eftir við ráðgjafafyrirtæki um vinnu að verkefninu og það yrði ekki á vegum Vestfjarðastofu. Nú væri leitað eftir samþykki sveitarfélaga um fjármögnun verkefnisins og miðað að hefja það í byrjun nóvember.

c. Fundargerð innviðanefndar FV

Lögð fram til kynningar fundargerð innviðanefndar frá 19. október s.l.

Aðalsteinn fór yfir efni fundarins.

Til máls tóku, Jóhanna, Lilja, Magnús.

Í framhaldi umræðu var samþykkt eftirfarandi bókun.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af framgangi verkefna á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit og um Dynjandisheiði og óskar eftir upplýsingum um stöðu verkefna og felur framkvæmdastjóra að afla þerra.

d. Fundargerð 84. fundar stjórnar SSNV 11. október 2022

<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-84-fundar-stjornar-ssnv-11-oktober-2022>

Lagt fram til kynningar.

e. Fundargerð – 40. fundar stjórnar SSNE 7. september 2022 -

<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE22/fundargerð-40.-fundar.pdf>

Lagt fram til kynningar

- f. 587. stjórnarfundur SASS. 7. október 2022 - <https://www.sass.is/587-fundur-stjornar-sass/>
Lagt fram til kynningar
- g. 782. Stjórnarfundur SSS 12. október 2022 - <https://sss.is/blog/fundir/782-stjornarfundur-sss-12-oktober-2022/>
Lagt fram til kynningar
- h. 545. Stjórnarfundur SSH 03. október 2022 - <https://ssh.oneportal.is/MeetingSearch/DisplayMeeting.aspx?id=CGIAkDYMwESmCQQjP4jQkg1&text=>
Lagt fram til kynningar
- i. 170. Stjórnarfundur SSV 21. september 2022 <https://ssv.is/wp-content/uploads/2022/10/170-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>
Lagt fram til kynningar
- j. 20. fundur Byggðamálaráðs 1. september 2022
Lagt fram til kynningar
- k. 21. Fundur Byggðamálaráðs 6. október 2022
Lagt fram til kynningar

6. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir
 - i. Stjórnartillaga um frumvarp til fjárlaga 2023 1. mál
<https://www.vestfiridir.is/static/files/Umsagnir/2022/umsogn-frumv-fjarlaga-2023-mal-1-153.pdf>

Lagt fram til kynningar en áður staðfest af stjórn í tölvupósti. Fundur var með fjárlaganefnd
- b. Umsagnarbeiðnir
 - Lagt fram minnisblað um afgreiðslu eftirfarandi umsagnabeiðna frá Alþingi
 - i. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um tímabindingu veiðiheimilda til 20 ára o.fl., 6. mál. Umsögn berist **eigi síðar en 14. október nk.** Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0006.pdf>
Samþykkt að senda ekki umsögn.
 - ii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendra matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, 7. mál. Umsögn berist **eigi síðar en 14. október nk.** á netfangið nefundasvid@althingi.is Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0007.pdf>
Samþykkt að senda ekki umsögn.
 - iii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar Endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 9. mál. Umsögn berist **eigi síðar en 27. október n.k.** Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0009.pdf>
Samþykkt að senda umsögn
 - iv. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda (reiknað endurgjald), 18. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 27. október nk.** Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0018.pdf>
Samþykkt að senda ekki umsögn.
 - v. Atvinnuveganefnd Alþingis óskar umsagnar frumvarp til laga um búvörulög (afurðarstöðvar í kjötiðnaði), 120. mál. Þingmannafrumvarp. Umsögn berist **eigi síðar**

en 27. október nk. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0120.pdf>

Samþykkt að senda ekki umsögn.

- vi. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál.

Undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 7. október nk.** Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0144.pdf>

Samþykkt að send ekki umsögn.

- vii. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 231. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 8. nóvember nk.** Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0232.pdf>

Samþykkt að senda umsögn

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00